

**Borgarstjórn**  
**5. nóvember 2019**

**Brevtingartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins við tillögu um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega**

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2020 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur:

- I. 100% lækkun: Einstaklingar með tekjur allt að 5.000.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 6.540.000 kr.
- II. 80% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.000.000 til 5.600.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 6.540.000 til 7.700.000 kr.
- III. 50% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.600.000 til 6.200.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.700.000 til 8.640.000 kr.

**Greinargerð:**

Reykjavíkurborg þarf að vera undirbúin fyrir fjölgun eldri borgara og mæta búsetuþörf þeirra. Með tillögunni er lagt til að fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði í eigu ellilífeyrisþega, sem nýtt er þeim til búsetu, verði lækkuð.

Skv. mati fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar yrði útgjaldaauki m.v. frumvarp að fjárhagsáætlun og fyrirbyggjandi tillögu um 220 mkr. árið 2020. Breytingar þessar verði fjármagnaðar með lækkun á liðnum ófyrirséð en sá útgjaldaauki er 1.600 milljónir íslenskra króna m.v. frumvarp af fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Aldraðir eru margir skuldugir en þurfa samt að borga þessa skatta óháð því, bæði til ríkis og borgar. Álögur borgarinnar á eldri borgara hafa hækkað gríðarlega á síðustu árum með tvennum hætti. Annars vegar hefur Reykjavíkurborg hækkað fasteignagjöld um allt að 40 til 50 prósent á íbúðaeigendur. Auk þess hækkað önnur gjöld eins og til dæmis heita vatnið og fleira sem nauðsynlegt er að kaupa af borginni. Á sama tíma hafa eldri borgarar fundið fyrir tekjuskerðingum þar sem þeim er refsað fyrir að vinna. Þeir borga alla venjulega skatta af sínum launum hafa verið teknar af þeim lífeyrisgreiðslur, vegna þess að þeir hafa verið að vinna.

Tillagan miðar að því að minnka skerðingar til eldri borgara en álögur og jaðarskattar geta komið í veg fyrir að eldra fólk geti dvalið lengur á heimili sínu í eigin húsnæði. Í staðinn þarf borgin að útvega kostnaðarsöm dvalarúrræði sem eru ekki í öllum tilvikum fyrsti valkostur. Einnig er lagt til að samhliða verði heimaþjónusta styrkt í samvinnu við eldri borgara.

Samþykkt tillögunnar yrði í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til 2022 sem samþykkt var í borgarstjórn 6. mars 2018. Á meðal markmiða var að eldri borgarar eigi að ráða sér sjálfir og að öll aðstoð skuli taka miða af því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og því sé gert kleift að lifa því lífi sem það kys.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að borgin leggi sitt af mörkum til þess að auðvelda eldri borgurum að búa, ef þeir geta og vilja, á eigin heimili. Slíkt er ekki bara mannsæmandi heldur miklu hagkvæmara fyrir þjóðfélagið, heldur en að nota dvalarstofnanir.